




Starfsemi Orkubúskapardeildar, verkefni og
mannafli

Jón Vilhjálmsson

Greinargerð JV-85-01

Greinargerð



Starfsemi Orkubúskapardeildar, verkefni og mannaflí

Jón Vilhjálmsson

JV-85/01

September 1985

ORKUSTOFNUM

1 INNGANGUR

Í skýrslu Hagvagns hf.: "Úttekt á rekstri og skipulagi Orkustofnunar" frá því í júlí 1984 segir í kafla um helstu niðurstöður: "Efla þarf starfsemi orkubúskapardeildar þannig að hún hafi yfirlit um sem flest svið orkubúskaparins". Einnig segir í kafla um Orkubúskapardeild: "Hér er lagt til að efling orkubúskapardeildar felist frekar í því, að deildinni verði veitt fjármagn til ákveðinna verkefna, þannig að deildin geti keypt utanaðkomandi vinnu á þessu sviði, frekar en að starfsmönnum deildarinnar verði fjölgað".

Stjórn Orkustofnunar kallaði undirritaðann á fund sinn þann 1. ágúst 1985 til að ræða um starfsemi Orkubúskapardeildar og á hvern hátt mögulegt væri að efla starfsemi hennar. Þar kom fram að ekki er talið unnt að fjölga starfslíði Orkustofnunar. Undirrituðum var falið að taka saman greinargerð um hvernig hægt væri að efla starfsemi deildarinnar t.d. með tilflutningum á starfsfólki innan Orkustofnunar.

Á síðustu árum hafa stjórnendur Orkustofnunar margfalt tekið fram að þeir teldu rétt að efla rannsóknir á sviði orkubúskapar, en þrátt fyrir það hefur starfsfólki sem sinnir þessum málum fækkað. Gunnlaugur Jónsson starfaði á þessu sviði áður en hann varð forstjóri Stjórnsýsludeildar og fram á mitt ár 1984 sá Jón Ingimarsson (VOD) um orkusparnað. Fjármagn til þessara verkefna hefur einnig farið minnkandi á síðustu árum sem stafar að hluta til af betra skipulag sem komist hefur á þessi mál með tilkomu Orkubúskapardeildar. Þó er líklegt að á þessu ári fari meira fjármagn til þessara mála en verið hefur á allra síðustu árum.

Að ætla sér að efla deildina eingöngu með auknu fjármagni án þess að nýjir starfsmenn komi að henni er mjög erfitt og ætla má að slíkar hugmyndir byggji á þekkingarleysi á starfsemi deildarinnar.

2 STARFSVIÐ ORKUBÚSKAPARDEILDAR OG MANNAFLI

Seqja má að meginstarfsvið Orkubúskapardeildar í dag séu eftirfarandi:

- 1) Safna gögnum um alla þætti orkumála og að veita stofnunum, innlendum sem erlendum, og almenningi upplýsingar um orkumál.
- 2) Að vinna að áætlunum um orkunotkun (orkuspár).
- 3) Gerð lanntímaáætlana um uppbyggingu orkukerfa, þróun aðferða við mat á orkukerfum.

4) Að kanna hagkvæmni orkuqjafa og nýtingu þeirra.

Einnig hefur deidin aðstoðað aðrar deildir Orkustofnunar við einstök verkefni þar sem hún hefur sérfræðipækkingu sem ekki finnst á hinum deildunum. Í þessu sambandi má nefna verkefni eins og langtímaáætlun VOD, ýmis verkefni tengd orkugetu, húshitunaráætlun, raflax o.fl.

Til að sinna þessum verkefnum eru fjórir starfsmenn á deildinni. Tveir starfsmenn í 1,5 starfi vinna að gagnasöfnun. Einn starfsmaður hefur undanfarin ár unnið að tölvuvæðingu gagnasöfnunar og að vissu marki að orkusparnaði. Fjórdi starfsmaðurinn hefur síðan unnið að gerð orkuspáa, að áætlunum um uppbyggingu orkukerfa og aðferðum á því sviði og orkusparnaði. Einnig var á árinu 1984 finnskur skiptinemi að störfum á deildinni í tæpa þrjú mánuði og vann að orkusparnaði.

3 VERKEFNI NÆSTU ÁRA

Lítum nú á þau svið sem nefnd eru í kafla 2 og hvað þarf að vinna þar á næstu árum.

- 1) Gagnasöfnunin er stöðugt verkefni sem aldrei má slaka á. Á næstunni er þörf á að leggja mikla áherslu á þessa starfsemi þar sem vissir erfiðleikar eru við gagnasöfnunina nú. Útgáfa Orkumála hefur dregist nokkuð, en nýkomið er út hefti nr. 34-35 sem hefur að qeyma upplýsingar fyrir árin 1981 og 1982. Helst byrfti að koma út heftum 36, 37 og 38 á næsta ári. Mjög erfitt er að fá gögn frá orkufyrirtækjum og fást þau jafnvel ekki frá sumum þeirra. Ekki er nein lausn í sjónmáli á þessum vanda.

Hingað til hefur raforkunotkun verið greind niður í notkunarflokkka eftir qjaldskrárliðum. Á síðustu árum hafa qjaldskrár rafveitna breyst mikið og er svo komið að greiningu eftir þeim er nánast ómöguleg. Reynt hefur verið að fá rafveitur til að taka upp nýja greiningu raforkunotkunar, en brátt fyrir stöðugan áróður Orkustofnunar hefur ekki tekist að fá nema þrjár rafveitur til að taka upp þessa greiningu (RARJK, RR og Rafveitu Sauðárkróks). Margar rafveitur lofa þessu stöðugt en árangur lætur á sér standa. Eina lausnin er líklega sú að senda mann frá Orkustofnun til rafveitnanna til að koma þessu á. Margar rafveitur eru einnig að koma á hjá sér tölvuvinnslu og beqar hún er komin ætti að vera auðvelt fyrir veiturnar að skila inn þessari nýju greiningu raforkunotkunar eftir að búid er að koma henni einu sinni á. Heppilegast væri að koma þessari greiningu á samhliða tölvuvæðingunni.

Öflun gagna frá rafveitum er e.t.v. erfið, en ástandið varðandi hitaveitur er ennþá verra. Nánast ómögulegt er að fá gögn frá mörgum hitaveitum, t.d. vegna þess hve litlar upplýsingar veitur hafa um starfsemi sína.

Unnið hefur verið að tölvuvæðingu gagna um orkumál í um þrjú ár. Verkinu er ekki lokið, en við vinnslu næstu hefta Orkumála er stefnt að því að nota tölvu eins mikið og mögulegt er.

- 2) Að undanförunu hefur verið unnið að gerð nýrrar raforkuspár og er spáin nýkomin út ásamt enskri þýðingu á henni.

Samhliða gerð raforkuspár hefur verið unnið að gerð húshitunarspár og er það verk langt komið. Til að hægt sé að ljúka við spána þarf að kanna nánar notkun á heitu vatni við hitun húsnæðis á veitusvæði Hitaveitu Reykjavíkur. Í drögum að spá fyrir höfuðborgarsvæðið er gert ráð fyrir minni vexti notkunar en Hitaveita Reykjavíkur miðar við í sínum áætlunum. Kanna þyrfti notkun á svipaðan hátt og gert var varðandi rafhitun húsnæðis á síðasta ári (sjá Jón Vilhjálmsson og Olavi M. Ojala 1984: "Orkunotkun við hitun húsnæðis. I Rafhitað húsnæði í þéttbýli utan hitaveitusvæða" OS-84099/OBD-03R). Velja þyrfti hæfilega stórt úrtak af húsum (t.d. Kópavog eða Hafnarfjörð) og athuga orkunotkun á rúmmetra, hvernig notkunin er háð stærð húsa, aldri og þeirri starfsemi sem fram fer í húsnæðinu.

Í framhaldi af gerð húshitunarspár stefnir orkuspárnefnd að gerð jarðvarmaspár. Síðan þarf að vinna spá um olíunotkun og taka saman heildarspá. Þessum verkefnum þyrfti helst að ljúka á næsta ári.

Efla þarf starfsemi við gerð orkuspáa, og á þetta sérstaklega við um gerð raforkuspár sem er mest notaða orkuspáin. Í nýju raforkuspánni segir: "Til að tryggja að á hverjum tíma byggji raforkuspár á nýjustu upplýsingum sem fyrir hendi eru þarf að endurskoða spánnar tíðar og helst þurfa þær að vera í stöðugri endurskoðun. Orkuspárnefnd stefnir að því að endurskoða spánnar oftár á næstu árum en hingað til." Nýja raforkuspáin er mun lægri en síðasta spá Orkuspárnefndar sem kom út á árinu 1981 og sýnir samanburður á þessum spám hve nauðsynlegt er að stöðugt sé fylgst með þróun raforkunotkunar og að spár um notkun séu endurskoðaðar eins oft og þörf þykir.

- 3) Starfshópur um endurskoðun á aðferðum við mat á orkugetu vatnsorkuvera og rekstri þeirra (STAMOVAR) hefur nú starfað í þrjú ár og gefið út tvær áfangaskýrslur á þeim tíma. Starf hópsins hefur alla tíð liðið fyrir það hve lítinn tíma fulltrúar í hópnum hafa haft til að sinna verkefnum hans. Starfið hefur því gengið mun hægar en heppilegt getur talist. Stefnt hefur verið að því að ljúka sem

stærstum hluta vinnu við athugun á forsendum rekstrareftirlíkinga á þessu ári. Líklega mun þessi vinna dragast eitthvað fram á næsta ár.

Í nýju raforkuspánni er lagt visst mat á óvissu í spánni, en starfshópurinn STAMOVAR hafði farið þess á leit við Orkuspárnefnd að mat sem þetta yrði lagt fram. Í framhaldi af þessu þarf að kanna áhrif þessarar óvissu á áætlanir um uppbyggingu virkjana. Unnið er nú, á vegum Orkustofnunar, að athugun á forsendum hagkvæmnireikninga og á heirri athugun að ljúka fyrir áramót. Safnað hefur verið saman miklu af upplýsingum um kostnað við orkuskerðingu frá öðrum löndum og er stefnt að því að fara yfir þær upplýsingar á næstunni. Í kjölfar þess mun starfshópurinn ákveða hvernig staðið verður að mati á kostnaði við orkuskerðingu hér á landi. Hér hafa verið nefnd þau verkefni STAMOVARS sem unnið verður að á Orkubúskapardeild á næstunni, en á Vatnsorkudeild er einnig unnið að verkefnum á vegum hópsins. Einnig er ætlunin að tengja Jarðhitadeild þessu verkefni varðandi aðferðir við mat á jarðvarmavirkjunum. Á næsta ári verður síðan farið að huga að reiknilíkönunum.

Í kjölfar nýrrar raforkuspár og ýmissa nýrra sjónarmiða sem hafa komið fram á síðustu árum er þörf á að gera nýja athugun á uppbyggingu raforkukerfisins til lengri tíma. Síðasta slík athugun á vegum Orkustofnunar var unnin á árinu 1981. Þar sem starf STAMOVARS er ekki komið lengra en raun ber vitni er ekki hægt að byggja mikið á því starfi, en eðlilegt er að tekið sé mið af þeim niðurstöðum sem þar liggja fyrir.

- 4) Fyrir svokallað Orkusparnaðaráttak Iðnaðar- og Félagsmálaráðuneytis var Orkustofnun falið að safna upplýsingum um orkunotkun við hitun húsnæðis. Athuguð var notkun alls rafhitads íbúðarhúsnæðis í þéttbýli utan hitaveitusvæða og út frá því voru valin hús til skoðunar á vegum átaksins (sbr. fyrrnefnda skýrslu Jóns Vilhjálmssonar og fl.). Á þessu ári hefur verið mjög hljótt um þetta áttak (einn fundur hefur verið í ráðgjafarnefnd átaksins) og er svo komið í dag að verkefnisstjórnin virðist ekki hafa lengur áhuga á gögnum um orkunotkun. Upplýsingamiðlun milli beirra aðila sem vinna að þessu átaki hefur einnig verið mjög léleg. Þó svo að Orkusparnaðaráttakið delti upp fyrir er mikilvægt að halda áfram að kanna orkunotkun hjá einstaka notendum og þar sem fjallað er um orkuspár er t.d. nefnd þörfin á því að vinna athugun á orkunotkun við hitun hér í Reykjavík.

Þegar Orkusparnaðarnefnd Iðnaðarráðuneytisins var lögd niður var Orkustofnun falið að sjá um þau verkefni sem nefndin hafði með höndum önnur en þau sem tengjast húshitun (Orkusparnaðaráttakið sér um þau mál). Þessi skipan mála tók gildi 1. maí 1984. Ekkert hefur verið unnið að þessum málum og verður ekki séð að á næstunni verði fyrir

hendi fjármagn eða mannafla til að sinna þeim.

4 MANNAFLI OG FJÁRMAGN

Til lengri tíma litið má ætla að hæfilegt sé að vera með það starfslið í gagnasöfnun sem nú er í henni. Þó mun líklega annað slagid þörf á auknu starfsliði sem aðrir starfsmenn deildarinnar gætu há sinnt (t.d. nú). Rútur Halldórsson sér um þessa starfsemi og honum til aðstoðar er Ingibjörg Gísladóttir í hálfu starfi. Aðrir starfsmenn deildarinnar þurfa einnig að vera nokkuð inni í þessari starfsemi til að getað svarað fyrirspurnum þegar Rútur er ekki við.

Á næstunni er þörf á að halda áfram að tölvuvæða gagnavinnsluna, en Ólafur Pálsson sér um það verk. Koma þarf hinni nýju greiningu raforkunotkunar á hjá rafveitum og er líklegt að þörf sé á að senda menn til sumra veitnanna til að koma þessu á. Ólafur Pálsson gæti unnið að þessu í framhaldi af tölvuvæðingunni. Einnig mun hann vinna að einstaka afmörkuðum verkefnum á öðrum sviðum.

Undanfarin ár hefur undirritaður unnið að því sem flokkast undir 2), 3) og 4) í kaflanum hér á undan. Fyrir árið 1984 sá Jón Ingimarsson á VOD um orkusparnað og var Ólafur Pálsson honum til aðstoðar, en Ólafur hefur einnig unnið lítlísháttar að þessum málum að undanfögnu.

Ef á næstunni á að auka vinnu við orkuspár, koma á verkefnum STAMOVARs eitthvað áfram, auka vinnu að athugunum á uppbyggingu raforkukerfisins og vinna að verkefnum á sviði orkusparnaðar hefur deildin ekki mannafla til að sinna þessu öllu. Til lengri tíma litið þarf að stefna að því að ráða sérstakann mann til að sjá um orkuspár sem sinnti því starfi nær eingöngu. Þá gæti einn starfsmaður verið í athugunum á orkukerfum og er ekki vanþörf á því. Hafa verður þó í huga að erfitt gæti verið að fá hæfan mann bæði vegna þess að ekki eru auðfundnir menn með menntun á þessu sviði og vegna launamála. Sem dæmi má nefna að ekki er hlaupið að því að finna rafmagnsverkfræðing sem hefur sérmenntun á sviði raforkukerfa. Verkfræðinemar telja flestir að hér sé um lítt áhugavert svið að ræða. Til að sinna orkuspám koma ekki eingöngu til greina rafmagnsverkfræðingar heldur einnig aðrir verkfræðingar og hagfræðingar. Rafmagnsverkfræðimenntun getur þó verið viss kostur við gerð raforkuspár.

Þar sem sá möguleiki að fjölga starfsmönnum Orkustofnunar er ekki fyrir hendi nú verður að huga að öðrum leiðum ef efla á þessa starfsemi:

- 1) Að nýta aðra starfsmenn Orkustofnunar: Flest þeirra verkefna sem hér um ræðir eru þess eðlis að telja verður að fáir starfsmanna Orkustofnunar hafi tæknilega þekkingu til að sinna þeim. Ekki kæmi

neinum til hugar að senda rafmagnsverkfræðing upp á fjölli til jarðfræðirannsóknna.

Á allra næstu mánuðum gæti Jarðhitadeild veitt aðstoð við gerð húshitunarspár og jarðvarmaspár. Hér gæti þekking JHD á nýtingu jarðvarma komið að góðum notum. Byrja þyrfti á að gera fyrirnefnda athugun á notkun jarðvarma til húshitunar hjá Hitaveitu Reykjavíkur þannig að hægt væri að ljúka við húshitunarspá. Að því loknu væri hægt að fara að huga að ýmsum þáttum sem ganga inn í jarðvarmaspá, en stærsti þátturinn er þá kominn, þ.e. húshitunin. Sá starfsmaður JHD sem undirritaður hefur í huga í þessu sambandi er María Jóna Gunnarsdóttir.

Varðandi önnur verkefni væri helst að fá aðstoð frá Vatna- og verkfræðideild VOD. Jón Ingimarsson gæti unnið að vissum verkefnum fyrir Orkubúskapardeild. Hann hefur áður unnið nokkuð að verkefnum á sviði orkubúskapar t.d. orkusparnaði og hann er annar fulltrúi Orkustofnunar í STAMOVAR. Hann hefur því nokkra reynslu og þekkingu á vissum sviðum orkubúskapar. Hugsanlegt er að Jón verði ekki að störfum á Orkustofnun á næsta ári og er þessi möguleiki þá ekki fyrir hendi. Eðlilegt er að Vatna- og verkfræðideild VOD sjái um að útvega allar kostnaðartölur sem nota þarf við athugun á uppbyggingu raforkukerfisins, en hér er þörf á samvinnu við JHD vegna jarðvarmavirkjana. Umsjón með hlut virkjana í þessu verkefni gæti Jón Ingimarsson haft, en ef ekki getur orðið af því vegna þess að Jón hætti störfum á Orkustofnun telur undirritaður að ekki séu aðrir á VOD sem geti tekið það að sér. Undirritaður mun sjá um bátt flutningskerfisins í þessu verki. Annar starfsmaður á VOD sem gæti nýst vel við viss verkefni er Hörður Svavarsson. Ef María Jóna getur ekki sinnt athugun á notkun til hitunar hjá Hitaveitu Reykjavíkur væri Hörður tilvalinn starfsmaður í það. Eðlilegast er aftur á móti að jarðvarmaspá verði unnin í tengslum við JHD. Einnig kæmi til greina að fá Hörð til að vinna að olíuspá í samvinnu við undirritaðann.

Verkefni STAMOVARS hafa mikið verið unnin af ráðgjöfum og er eðlilegt að gera ráð fyrir að svo verði áfram. Árni Snorrason á Vatnamælingum VOD hefur unnið nokkuð fyrir hópinn og ef mögulegt er væri gott að tengja hann þessum verkefnum áfram t.d. þegar farið verður að huga að gerð reiknilíkana. Þar sem lítið er farið að huga að jarðvarmavirkjunum í þessu starfi er óvíst hvernig best verður að haga þeirri vinnu, en Ómar Sigurðsson á JHD hefur verið settur sem tengslamaður starfshópsins á því sviði.

- 2) Að auka aðkeypta vinnu: Vinna við rekstrareftirlíkingar hefur síðustu árin verið aðkeypt og er stefnt að þeirri skipan mála áfram. Einnig

hefur vinna fyrir starfshópin STAMOVAR verið að hluta til aðkeypt. Ef auka á vinnu STAMOVARs og gera á athugun á uppbyggingu raforkukerfisins þá fylgir því aukin aðkeypt þjónusta. Á öðrum sviðum hefur verið um litla aðkeypta vinnu að ræða. Þau verkefni eru einnig þess eðlis að í flestum tilvikum hentar ekki að kaupa að vinnu. Þetta á t.d. við um gagnasöfnun og orkuspár. Ef upp koma á þessum sviðum afmörkuð og vel skilgreind verkefni er þó ekkert því til fyrirstöðu að kaupa að slíka vinnu. Sem dæmi má nefna að hægt væri að vinna athugun á notkun til hitunar hjá Hitaveitu Reykjavíkur utan Orkustofnunar.

Hafa verður í huga að aðkeypt vinna takmarkast af því fjármagni sem fyrir hendi er.

5. LOKAORD

Hingað til hefur á Orkustofnun verið lögð allt of lítil áherslu á verkefni sem Orkubúskapardeild sinnir að mati undirritaðs. Til eru þeir menn á Orkustofnun sem telja að vinna deildarinnar sé eingöngu peningaeyðsla. Heyrst hafa hugleiðingar um að færa starfsemi Orkubúskapardeildar yfir á stóru deildirnar. Slíkt væri afturför og hætt við að starfsemi á sviði orkubúskapar dæi þá fljótt út. Aftur á móti ber að efla sem mest samvinnu aðaldeilda Orkustofnunar, en oft á tíðum virðist skortur á kerfis- eða hagfræðilegri þekkingu há stóru rannsóknadeildunum og þá sérstaklega JHD.

Hér má einnig nefna að fremur takmarkaður skilningur hefur verið á því innan Orkustofnunar að starfsemi deildarinnar þyrfti að sameina á einn stað. Upphaflega voru starfsmenn hennar í þremur hornum hússins, en fyrir um tveimur árum tókst að koma tveimur starfsmönnum í herbergi hlið við hlið í einu horni hússins, en hinir tveir eru í öðru horni. Þessi skipan mála er mjög óheppileg og þyrfti að sameina starfsemina sem fyrst á einn stað. Virðast sumir líta svo á að gagnasöfnunin sé sjálfstæð eining sem eigi að tengjast annari starfsemi deildarinnar sem minnst. En það vill nú svo til að þeir sem vinna mest með þessi gögn eru aðrir starfsmenn deildarinnar. Ef Rútur Halldórsson er ekki viðlátinn þarf einhver annar að svara fyrirspurnum um orkumál, en mikið er um slíkar fyrirspurnir. Þetta hefur komið í hlut undirritaðs og þarf hann þá að þekkja til gagnanna og hafa góðan aðgang að þeim. Það hjálpar ekki til hér að þau eru í hinum enda hússins.

Iðnaðarráðuneytið ætti einnig að geta nýtt sér starfsemi Orkubúskapardeildar mun meira en það gerir nú, en samkvæmt orkulögum á Orkustofnun að vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um orkumál. Sem dæmi um verkefni sem eðlilegt hefði verið að ráðuneytið hefði falið stofnuninni er: "Athugun á vatnsnotkun og hitunarkostnaði hjá nokkrum hitaveitum", sem

unnin var fyrir ráðuneytið á verkfræðistofunni Fjarhitun. Verkefni þetta er nátengt þeirri vinnu sem fram fer á sviði orkuspáa og orkusparnaðar og hefði það getað nýst við þá vinnu.

Eðlilegt hefði e.t.v. getað verið að fela Orkustofnun vinnu að athugun á verðlagningu raforku, en Iðnaðarráðuneytið hefur að frumkvæði Alþingis skipað nefnd til að kanna þetta mál. Ef Orkubúskapardeild á að hafa yfirlit um sem flest svið orkubúskaparins, eins og var niðurstaða Hagvangs, þá þarf deildin að vinna að athugunum á orkuverði og gjaldskrá.

Segja má að það sé eins gott að Iðnaðarráðuneytið hafi ekki falið Orkustofnun fleiri verkefni á sviði orkubúskapar en raun hefur orðið á þar sem stofnunin hefði ekki haft starfsmenn eða fjármagn til að sinna þeim verkefnum.

Nýlega hefur komið í ljós visst sambandsleysi milli Iðnaðarráðuneytisins og Orkustofnunar sem nefna má í þessu sambandi. Á Orkustofnun hafa allt frá árinu 1979 verið teknar saman töflur um samanburð hitunarkostnaðar, en mikið er spurt um slíkar töflur. Upphaflega voru þessa töflur teknar saman að beiðni Iðnaðarráðuneytisins og forsendur skilgreindar af Finnboqa Jónssyni sem var þá starfsmaður ráðuneytisins og með minniháttar breytingum frá Orkustofnun. Fyrir nokkrum árum síðan tók Kristmundur Halldórsson hjá Iðnaðarráðuneytinu upp á því að útbúa samskonar töflur og Orkustofnun og dreifa til ýmissa aðila, og var ekki haft neitt samstarf við stofnunina um gerð þessara taflna. Er nú svo komið að báðir þessir aðilar gera slíkar töflur byggðar á mismunandi forsendum og veldur það skiljanlega miklum ruglingi. Forsendur þessara reikninga hafa líka verið mjög umdeildir m.a. hafa sumar hitaveitur talið að þeir gæfu mjög svo ranga mynd af hitunarkostnaði. Telja verður ófært að náskyldir aðilar eins og Iðnaðarráðuneytið og Orkustofnun skuli vera að senda frá sér samskonar upplýsingar byggðar á mismunandi forsendum.

Eins og fram er komið hér að framan telur undirritaður að erfitt sé að hliðra til innan Orkustofnunar til að efla starfsemi Orkubúskapardeildar. Þó gætu Hörður Svavarsson (VOD), Jón Ingimarsson (VOD) og María Jóna Gunnarsdóttir (JHD) létt undir með deildinni. Jón mun þó hugsanlega hverfa frá stofnuninni á næsta ári og er þá sá kostur úr sögunni. Þessir kostir hafa ekki verið ræddir við forstöðumenn JHD og VOD og er því óvíst að þeir komi til greina.

Ef aukinn kraftur færist í vinnu STAMOVARS og gerð verður athugun á uppbyggingu raforkukerfisins fylgir því aukin aðkeypt vinna. Ekki er hægt að efla starfsemi Orkubúskapardeildar verulega einöngvu með aðkeyptri vinnu vegna þess hvers eðlis verkefni deildarinnar eru. Einnig þarf að hafa í huga fjárhagslegar takmarkanir sem fyrir hendi eru á Orkustofnun.

Ljóst má vera að starfsemi Orkubúskapardeildar verður ekki efld verulega án nýrra mannráðninga. Þar sem sá kostur kemur líklega ekki til greina nú munu verkefni deildarinnar ganga hægar fyrir sig en æskilegt getur talist. Ekki verður því heldur hægt að auka á verkefni deildarinnar.